

Kópavogi, 31. mars 2022
Tilvísun: M22030095

Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F. Ólafsson og Sonja Dögg Pálsdóttir. Haraldur F. Gíslason yfirgaf fundinn kl. 14:05.

Fjarverandi: Þorgerður L. Diðriksdóttir

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð síðasta fundar
2. Reglugerðin (skv. 8. gr. laga nr. 95/2019)
3. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins. Ekki voru heldur gerðar athugasemdir við fundargerð og skoðast hún því samþykkt.
2. Formaður gerði grein fyrir vinnunni sem unnin hefur verið á milli 17. og 18. fundar. Á milli fundanna hefur starfsfólk ráðuneytisins fundað með ýmsum aðilum sem málið varðar, fulltrúum HA, HÍ og LHÍ, Kennarasambandi Íslands og lögfræðing og starfandi forstjóra Menntamálastofnunar. Umræður um D. hluta reglugerðarinnar sem fjallar um hæfni kennara í íslensku; hvort og þá hvernig eigi að meta hæfni kennara í íslensku við útgáfu leyfisbréfa, við brautskráningu þeirra úr háskóla og/eða við ráðningu í skóla. Enn fremur rætt um 6. grein reglugerðarinnar og þá sérstaklega rætt um fjölda eininga í sérhæfðri hæfni kennara á framhaldsskólastigi. Fundarmenn ræddu þá hvort sá kennari þurfi að lágmarki að hafa lokið 120 ETCS einingum eða 180 ETCS einingum.
3. Ingileif sagði frá opnum fyrirlestri sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Skólastjórafélag Íslands stendur fyrir fimmtudaginn 8. apríl. Fyrirlesturinn halda Kurtis og Lorna Hewson og munu þau fjalla um líkan og starfsaðferðir sem styrkja styðjandi menningu og ganga undir heitinu CRM-líkanið. Einnig verður hægt að fylgjast með fyrirlestrinum í streymi: <https://www.ki.is/vidburdir/crm-likanid-skipulag-stydjandi-menningar/>

Næsti fundur: Fimmtudaginn 28. apríl kl. 13-15

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ